

## 2 Lyklastandur

Lyklastandur hefur mikilvæga notkunarmöguleika. Þar er hægt að geyma lykla af heimilinu, bílnum og af þeim stöðum sem lykklar eru notaðir. Að geyma lyklana alla á sama stað er hægt að ganga að þeim vísu og þeir eru ekki allir útum allt eða týndir.



**Aldurstig:** Yngsta stig

### **Staðsetning**

Tímarnir fara fram í smíðastofunni. Áætlaður tími er 4 kennslustundir, þar sem hver kennslustund er 80 mínútur.

### **Markmið: Að nemandinn:**

- Að nemandi geti lesa einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Vera sjálfstæður í verki og fá þjálfun í iðjusemi og verkfærni.
- Að nemandi geti valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- Geti yfirborðsmeðhöndlað efni með vatnsleysanlegum efnum

### **Heimavinna nemandans**

Nemendur fara inn á vefinn og leita af myndum af lyklastöndum. Einnig eru þeir hvattir að kíkja í verslanir sem selja lyklastanda. Hvetja þau til að athuga heima hjá sér hvort þar séu lyklastandar og fá þar hugmyndir.

### Undirbúningur kennarans:

Hafa sýnishorn af verkefni og vera með vefsíður á hreinu sem hægt er að sýna nemendum hvar hægt er að finna lyklastanda. Vera tilbúin með hæfilega mikinn efnivið í verkefnið.

Tilbúin með verkfæri sem nota þarf í verkefnið. Vera búin að athuga verkfærin og laga þau ef þarf

### Innsetning verkefnis

- Kennari útskýrir hvaða notagildi lyklastandur er.
- Hann sýnir nokkrar útgáfur á pinterest með skjávarpa.
- Hugstormað um mögulegar útfærslur.
- Nemendur skissa upp hugmynd af lyklastandi.
- Kennari útdeilir efni þar sem nemendur fara að vinna við verkefnið.

### Efni og áhöld

Efni	Áhöld
<ul style="list-style-type: none"><li>• Krossviður, fura og MDF</li><li>• Trélím</li><li>• Krókar/hankar</li><li>• Málning</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Laufsög</li><li>• Tifsög</li><li>• Sandpappír</li><li>• Málningarpenslar</li></ul>

### Smíði verkefnisins

7. Nemendur teikna hugmynd af lyklastandi á blað
8. Teikning yfirfærð á efnivið
9. Sagað út með laufsög eða tifsög
10. Efniviðurinn þússaður með sandpappír
11. Lyklastandurinn málaður
12. Settir eru krókar á lyklastandinn

## Myndir úr vinnuferlinu



Sagað út eftir teikningu



Málað á verkefnið



Setja króka fyrir lykla

## Minnispunktur kennarans

Hvernig gekk kennslan? Er eitthvað sem hefði mátt bæta eða lagfæra? Hvort markmiðum hafi verið náð? Hér má rita niður virkni nemenda í tímanum hér fyrir neðan.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

### Námsmat hjá kennara

Leiðsagnarmat í kennslustund þar sem áhugi, sjálfstæði og vandvirk vinnubrögð eru metinn.

Kennarinn gefur einkanir í bókstöfum A,B,C eða D

### Sjálfsmat nemenda

Nafn:

	A	B	C	D
Ég vinn vel í tímum				
Ég skipulegg vinnu mína vel				
Ég geng vel frá verkefnum				
Ég geng frá verkfærum og öðrum sem ég nota í smíðastofunni				
Ég er kurteis				
Ég vinn vel				

Ég er sjálfstæð/ur				
Ég er jákvæð/ur				
Hef áhuga á smíði				

Hvað var skemmtilegast í smíðinni?

---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---



---